

Tíminn

MÁL SVARI FRJÁLSLYNDIS, SAMVINNU OG FÉLAGSHYGGJU

Útgefandi:	Framsóknarflokkurinn og Framsóknarfélögin í Reykjavík
Framkvæmdastjóri:	Kristinn Finnbogason
Ritstjórn:	Indriði G. Þorsteinsson ábm. Ingvar Gíslason
Aðstoðarritstjóri:	Oddur Ólafsson
Fréttastjórn:	Birgir Guðmundsson Eggert Skúlason
Auglýsingastjóri:	Steingrímur Gíslason

Skrifstofur: Síðumúli 15, Reykjavík. Sími: 686300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: Áskrift og dreifing 686300, ritstjórn 686306, íþróttir 686332, tæknideild 686387. Setning og umbrot: Tæknideild Tímans. Prentun: Blaðaprent h.f. Auglýsingaverð kr. 400 pr dálk-sentimetri.

Verð í lausasölu 55.- kr. og 65.- kr. um helgar. Áskrift 600.-

Orð Halldórs Ásgrímssonar

Í almennum umræðum um efnahags- og kjaramál, sem fram fóru á Alþingi á fimmtudaginn, lagði Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins yrðu að tryggja hag hinna lægst launuðu.

Ráðherrann benti á að ástand efnahagslífsins væri slíkt og horfur á þann veg að breyta yrði um stefnu að því er varðaði fjárfestingar, sem leiddu til efnahagsþenslu og yfirborgana fram yfir umsamda kauptexta. Benti ráðherrann á að auk annarra fjárfestinga væri fjárfesting í íbúðarhúsnæði, sem væri mikil á höfuðborgarsvæðinu, mjög þenslumyndandi og sama gildi um fjárfestingar í skipum.

Halldór Ásgrímsson kvaðst hafa lagt til við Fiskveiðisjóð að beita aðhaldi í lánveitingum til skipa og annarra framkvæmda meðan það þensluástand ríkti sem nú er í efnahagslífinu.

Pá benti Halldór Ásgrímsson á að um leið og ríkisvaldið drægi úr framkvæmdum, þá ríkti mikil framkvæmdagleði hjá sumum sveitarfélögum, ekki síst Reykjavíkurborg, enda hefur það komið fram að Reykjavíkurborg hyggst auka framkvæmdir á sínum vegum yfir 60% á þessu ári. Er svo komið að Reykjavíkurborg ein verður með um 35% allra framkvæmda og fjárfestinga opinberra aðila, þ.e. ríkisins og annarra sveitarfélaga, á þessu ári. Af hálfu borgaryfirvalda er því ekkert gert til þess að draga úr efnahagsþenslunni, heldur magna hana.

Af þessum sökum beindi Halldór Ásgrímsson máli sínu að borgarmálefnum Reykjavíkur og taldi rétt að fara þess á leit við borgarstjórn að hún gætti hófs í fjárfestingum og léti raunsæi ráða ferðinni í þeim efnum.

Halldór Ásgrímsson benti einnig á það í ræðu sinni og vakti sérstaka athygli á alvöru þess máls, að viðskiptahalli Íslands við útlönd færi sívaxandi. Hann væri nú hlutfallslega líkur því sem var 1983, þegar menn töluðu um að hallari væri í landinu, eða 5-6% af þjóðartekjum. Sagði ráðherrann það vera hverjum manni skiljanlegt að slíkur halli leiddi til kjararýrnunar. Þjóð sem hefur við slíkar gjaldeyrissskuldur að glíma getur ekki bætt kjör sín. Við þetta bættist síðan að rekstrarafkoma frystihúsanna væri mjög slæm, þau væru rekin með miklu tapi.

Halldór Ásgrímsson lét í ljós von um að aðilar vinnumarkaðarins, sem hafa það verkefni að fjalla um kaup og kjör vinnandi fólks, yrðu að sýna raunsæi í samningum. Afkoma þjóðarbúsins út á við og inn á við leyfir ekki óraunsæja samninga, heldur verður að miða þá við þær efnahagslegu forsendur sem fyrir liggja. Þess vegna ber nú fyrst og fremst að líta á hag lágláunafólksins og tryggja að hann verði ekki fyrir borð borinn.

MIKILL VIÐBURÐUR hlýtur það að teljast í menningar-sögu Íslendinga að Listasafn Íslands hefur nú flutt í eigið húsnæði að Frikirkjuvegi 7 í Reykjavík.

Stofn þessa húsnæðis er að vísu gamall, hið alkunna íshús hlutafélagsins Herðubreiðar, sem af hagkvæmnisástæðum síns tíma var reist á eystri bakka Tjarnarinnar í Reykjavík á árunum 1916-1917 mörgum árum fyrir innreið hraðfrystingar í atvinnulíf Íslendinga.

Annars virðist staðarval íshúss þessa á sínum tíma hafa verið hálfgerð stílbrot því að húsinu var þrengt niður milli Frikirkjunnar og Kvennaskólans í litlu samræmi við götulínu og annað umhverfi. Nauðsyn hagkvæmninnar – nálægð íshússins við Tjörnina – hlaut að ráða fremur en útlitsheildin í hverfinu og götumyndin.

Höfðinglegt yfirbragð íshússins

Með réttu má segja forráðamönnum Íshúsfélagsins Herðubreiðar ¼ það til hróss að þeir vildu vanda útlit íshússins (sem varla mun hafa verið algengt á þeim árum) og fengu færasta arkitekt landsins, Guðjón Samúelsson, til þess að teikna húsið. Gerði hann það af slíkum höfðingjasmekk, að íshúsið líkist á ytra borði einhvers konar menningarhöll. Mun þó engan hafa grunað (nema ef vera skyldi arkitektinn sjálfan) að þetta gráa íshús ætti eftir að verða stofninn í varanlegu eiginhúsnæði Listasafns Íslands.

Söguleg atvik, sem sýnast nokkuð krókótt nema grufað sé nákvæmlega í atburðarásinni, urðu til þess að forráðamenn sjálfs Listasafns Íslands tóku að gínast þetta hús árið 1972 eins og það var þá útleikið eftir bruna. Þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, þóttist sjá eins og forstöðumaður safnsins og safnráð, að ekki væri vænni kostur að koma einkahúsi yfir Listasafnið en nýta íshússkrokkinn með sínum fögru útlínunum sem stofn í þess háttar hús og smíða viðbætur við það með listrænni útfærslu slíkra bíslaga.


Allt hefur þetta gengið eftir.

Ákvörðun Magnúsar Torfa

Dr. Selma Jónsdóttir átti heiðurinn af því að hafa komið auga á þessa úrlausn á húsnæðisvandamálum safnsins, en atbeini ráðherra, Magnúsar Torfa Ólafssonar, réð þar auðvitað úrslitum. Í ráðherratið hans var lagður sá grunnur að framtíð Listasafnsins sem verkætlanir og smíðafamkvæmdir hafa síðan byggst á. Hvað það snertir fetaði hver ríkisstjórn og hver ráðherra sem á eftir fór í hans slóð. Þó brá svo undarlega við að nafn Magnúsar Torfa var ekki nefnt þegar húsvígslan fór fram. Hefði hann þó átt að skipa heiðursmess á þeirri samkomu.

Dr. Selma Jónsdóttir

Því miður entist dr. Selmu Jónsdóttur ekki líf til þess að vera viðstödd vígsluathöfnina á Frikirkjuvegi 7, en hennar var minnst að verðleikum við það tækifæri. Allir sem henni kynntust, vissu að hún hafði mikinn metnað fyrir hönd safnsins. Hún hafði auk þess



Magnús Torfi Ólafsson

einurð til þess að standa fast á skoðun sinni um það hvernig slíkum metnaði skyldi fullnægt.

Fjarri fór því að allir væru sammála dr. Selmu um stefnu og starfsaðferðir Listasafns Íslands. Mörgum fannst hún, m.a., miðstjórnarhneigð, – sem hún vissulega var. Hún vildi halda um safnið í einum miðstjórnarkjarna í Reykjavík og víkja með gætni frá því. Að því hefur einnig verið fundið, að Listasafn Íslands hafi verið seint til viðbragða um að átta sig á nýjum straumum í myndlist í samtímanum eftir að abstrakt-tímabilinu fór smám saman að ljúka.

En þó svo hafi verið eru engar sönnur færðar á það að það hafi breytt neinu um framsækni og nýsköpun í myndlist. Listasafn Íslands hefur í sjálfu sér ekki það hlutverk að móta nýjar stefnur í myndlist, þótt augljóst sé að þeir sem safninu ráða verða að vera glöggir á hvað séu nýir straumar í listum, hvenær tímamót verða í myndlist lífandi stunda. Forráðamenn Listasafnsins verða að vera jafn skyggnir á atburði samtímans eins og langþróun listasögunnar.

Endurskoðunar-nefndin frá 1982

Úr því að Listasafn Íslands hefur nú eignast sitt einbýlishús eftir að hafa lifað af bernsku sína í Alþingishúsinu og tekið út nokkurn proska í sambýli við Þjóðminjasafnið, sýnist tíma-bært að koma á stefnubreytingu á starfsemi þess, enda lengi að því máli hugað.

Árið 1982 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, nefnd til að endur-

skoða lög um Listasafn Íslands að sjálfsögðu í því skyni að endurmeta starfsemi safnsins og stefnumið þess. Þótt sú nefnd hafi ekki skilað álit, er ekki annað vitað en að hún sé enn starfandi. Væri æskilegt að núverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísl. Gunnarsson, sem hefur áhuga og þekkingu á menningarmálum, herti á um starfslok þessarar nefndar eða hefði á annan hátt áhrif á endurskoðun á starfsemi listasafnsins í samræmi við kröfu samtímans.

Listasafn allrar þjóðarinnar

Listasafn Íslands er opinber stofnun, ríkisstofnun í fyllsta skilningi þess orðs. Yfirstjórn safnsins heyrir undir menntamálaráðherra. Listasafn Íslands er eign allrar þjóðarinnar og á að sinna allri þjóðinni eftir því sem við verður komið.

Þótt Listasafnið sé almenn-ingseign og lúti ríkisforsjá, verður að viðurkennast að smíði nýja Listasafnshússins verður ekki nema að litlu leyti rakin til opinbers frumkvæðis, ef kannaður er aðdragandi þess máls. Saga Listasafnsbyggingarinnar við Frikirkjuveg er flóknari en svo. Reyndar er til sú skoðun og lífir góðu lífi, að ríkisvaldið, landsstjórnarmenn frá upphafi, hafi umgengist Listasafnið eins og niðurstæðing í meira en 100 ár. Um sannindi þess má þó deila.

Frumkvæði Kjarvals og stórgjafir einstaklinga

Hitt er satt að nýbygginarmál Listasafnsins eins og við þekkjum þau í dag – þ.e. að Listasafnið eignaðist eigið hús fékk nokkurn byr undir vængi árið 1959, þegar Jóhannes Kjarval lagði til við menntamálaráðherra (Gylfa Þ. Gíslason) að fé sem ætlað var til að reisa Kjarvalshús á Seltjarnarnesi skyldi renna í sjóð til að koma upp eiginhúsnæði fyrir Listasafn Íslands. Upp úr því var stofnaður byggingarsjóður Listasafnsins með lögum.

Þessi byggingarsjóður átti erfiðt uppráttar og lítið gert af opinberri hálfu til þess að efla hann. Þá gerist það nokkrum árum eftir stofnun sjóðsins að efnuð reykivísk systkini og menntavinir, Sesselja, Guðrúnur og Gunnar, börn Stefáns Gunnarssonar stórkaupmanns, gefa og afsala Listasafninu verðmæt- ar húseignir sínar í miðborg Reykjavíkur. Þessar húseignir voru út af fyrir sig ekki lagaðar til þess að vera húsnæði fyrir listasafn. En þessi systkinagjöf augðaði safnið svo um munaði. Af henni spratt sú fjárhagsgeta sem gerði það kleift að hefjast handa um að koma upp eiginhúsnæði fyrir safnið. Síðar áskotnaðist Listasafni Íslands stórgjöf úr dánarbúi hjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar kaupmanns.

Hlut hins opinbera í að mjaka þessum byggingarmálum áfram

Tímabréfið

LAUGARDAGURINN 6. FEBRÚAR 1988



leiðir af því einkaframtaki sem minnt hefur verið á. Þar skiptir meginmáli ákvörðun Magnúsar Torfa að heimila kaupin á Fríkirkjuvegi 7 og ákveða þar með framtíðaradsetur Listasafns Íslands. Góð samvinna dr. Selmu og Magnúsar Torfa réði úrslitum í byggingarmálum Listasafnsins að því er tekur til opinberrar forystu og frumkvæðis í því máli.

Hefur myndlistin verið hornreka?

Nú er það að vísu ekki nema hálfur sannleikur að Listasafn Íslands hafi ætíð verið hornreka og hjábarn í þjóðfélaginu miðað við ýmsar aðrar menningarstofnanir. Í rauninni þarf að grafa nokkuð langt aftur í tímann til þess að finna slíkri fullyrðingu stað nema ef sú árátt er á manni að vera sífellt að útmála eynd sína og ofgera vonsku ráðandi samfélagsfla.

Íslensk myndlist í venjulegum skilningi þess orðs er ung. Hún gerir ekki betur en að vera afsprengi 20. aldar, nær svo sem þumlungi aftur til síðustu ára hinnar 19. Nestor myndlistarmanna, Finnur Jónsson, má heita að sé eldri að árum en sjálf myndlistin í landinu. Hann er m.ö.o. samtíðarmaður allra myndlistarmanna á Íslandi í hinum eiginlega skilningi. Svo stutt er viðtekin myndlistarsaga Íslandinga.

Við því var alls ekki að búast að mikill veigur væri í íslensku listasafni framan af þessari öld, þegar íslenskir myndlistarmenn voru að stíga sín fyrstu spor, nánast að þreifa sig áfram eins og landkönnuðir á óþekktum slóðum og þjóðin að kalla óupp lýst um myndlist.

Svo er að vísu látið heita að Listasafn Íslands hafi verið

stofnað árið 1885, þegar ungur lögfræðingur í Kaupmannahöfn, Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður, safnar og fær gefins allmörg málverk hjá erlendum myndlistarmönnum og afhendir þau landshöfðingja til umsjár. Landshöfðingi kom myndunum fyrir í nýreistu Alþingishúsi. Í þessu myndasafni var auðvitað ekkert íslenskt myndverk.

Fyrsta íslenska listaverkið, sem þessum vísi að listasafni áskotnaðist, var höggmyndin Útlaginn eftir Einar Jónsson. Fékk safnið hana að gjöf árið 1902. Fyrsta málverk eftir íslenskan mann (Þórarinn B. Þorláksson) eignaðist safnið ekki fyrr en árið 1911, einnig að gjöf.

Hlutur Matthíasar Þórðarsonar

Árið 1915 verða umskipti í sögu Listasafns Íslands, ekki til hins verra heldur til hins betra. Þá fólu forsetar Alþingis Matthías Þórðarsyni þjóðminjaverði (og listfræðingi sem hann var) að annast þetta listaverkasafn, sem hýst var í Alþingishúsinu og samantóð mestanpart af dönskum myndum en sárafaum íslenskum. Á þessum tíma var safnið lítið að vöxtum og engin skilyrði til þess að eyða miklu fé í kostnaðarsama yfirstjórn þess eða vegleg einkahúsakynni. Hins vegar fór safnið, þrátt fyrir allt, að dafna í höndum Matthíasar Þórðarsonar, enda lét hann sér annat um listir og uppfræðslu í listasögu sem hann var um margt brautryðjandi í.

Í raun og veru verður Listasafn Íslands ekki til fyrr en 1915, þegar Matthías Þórðarson fer að sinna um málverkageign landskjóðs og gefa henni einhvern svip af því að hér sé um að ræða skipulegt safn, sem ætlað væri að vaxa og færa út kvíarnar.



Dr. Selma Jónsdóttir

Tímamót 1928

Næstu mikilvæg tímamót í sögu safnsins verða með samþykkt laga um menntamálaráð (og menningarsjóð) árið 1928, sem Jónas Jónsson var aðalfrumkvöðull að. Menntamálaráð fékk yfirstjórn safnsins, þótt þjóðminjavörður væri áfram forstöðumaður þess. Í lögunum var gert ráð fyrir að byggt yrði hús yfir listasafnið, þegar fé væri fyrir hendi. Á gildistíma þessara laga var umtalsverðu fé veitt til listaverka-kaupa samkv. fjárlögum.

Hins vegar dró úr gildi þessara laga fyrir viðgang Listasafnsins þegar frá leið, ekki síst hvað varðaði hús handa safninu. Kreppuástandið milli 1930 og 1940 sá fyrir því, hafi ekki annað komið til.

Þáttaskil 1950

Þótt íslenskri myndlist yxi fiskur um hrygg og góðum listamönnum fjölgaði í landinu er starfsemi Listasafnsins baslbú-

skapur fram undir 1950, þegar það tvennt gerist að Selma Jónsdóttir er ráðin til þess að stjórna safninu, og safnið fær viðunandi húsnæði í Þjóðminjasafnsbyggingunni við Hringbraut. Við þetta gerbreyttist aðstaða safnsins og öll starfsemi þess. Listasafnið varð undir stjórn dr. Selmu virt menningarstofnun á tiltölulega fáum árum.

Auðvitað kom að því að safnið sprengdi af sér húsrýmið við Hringbraut. Hitt er ofmælt að Listasafnið hafi verið í húsnæðishraki umfram ýmsar aðrar menningarstofnanir. Þar sátu þær flestar við sama borð, þ.á.m. Þjóðminjasafnið, nágrenni Listasafnsins.

Gleðilegur áfangi

Þegar hér er komið þessum hugleiðingum um Listasafnið skal það endurtekið sem fyrr er sagt, að ekki fór að rofa til í byggingarmálum Listasafnsins fyrr en einkaaðilar tóku að leggja safninu fé af stórhug og örlæti. Þær aðstæður sem þá mynduðust gerðu forstöðumanni safnsins og þáverandi menntamálaráðherra kleift að móta fasta stefnu í byggingarmálum safnsins. Þessi stefna var mörkuð árið 1972. Nú kann mönnum að þykja að þau 15-16 ár sem líða milli ákvörðunar og verkloka sé langur tími. Fyrstu árin, 1972-1980, fóru í margs konar undirbúning verksins. Jafnvel urðu verktafir vegna deilu, ef ekki málaferla, við nágrennana í hverfinu. Það dróst því af ýmsum ástæðum að hægt væri að byrja eiginlegar smíðaframkvæmdir fyrr en árið 1980. Ekki verður annað séð en að smíði hússins hafi gengið eftir öllum vonum, eftir að hvers kyns formhindrunum var rutt úr vegi. Sýnist ekki ástæða til að

dramatisera þessa húsasmíð úr hófi fram, eða mikla fyrir sér eynd Listasafnsins til þess tíma, heldur fagna innilega því sem áunnist hefur með fyrirheiti um að Listasafn Íslands muni gegna hlutverki sínu af stórhug og myndarskap og fullum trúnaði við listasöguna og fjölbreytt og frjálst listalíf í lýðræðislandi.

Aldarspegill 1900-1987?

Í tilefni opunar hins nýja húss hefur Listasafnið efnt til sýningar á íslenskri myndlist undir heitinu Aldarspegill 1900-1987.

Þetta er að vísu stór og mikil sýning, en á engan hátt tæmandi yfirlit yfir íslenska myndlist í 87 ár. Síð af öllu gerir þessi sýning persónulegri þróun einstakra listamanna nein skil, ef menn eru að leita að slíku. Þá fá ýmsir góðir listamenn ekki rúm á þessari sýningu. Ekki sjást þar verk eftir Kjartan Guðjónsson eða Hring Jóhannesson. Það er einnig athyglisvert að virtir og virkir myndhöggvarar eins og Ragnar Kjartansson og Ólöf Pálsdóttir eiga ekki verk á þessari sýningu. Yfirléitt virðist hlutur kvenna fyrir borð borinn á sýningunni. Ekkert verk er eftir Barböru Árnason, sem var mikil og vel menntuð listakona, sem hér starfaði lengst ævinnar og auðgaði íslenskt listalíf. Ekki er að finna neitt eftir Karen Agnete Þórarinnsson, sem skapaði íslensk myndverk af kunnáttu og listfengi, þótt dönsk væri að uppruna.

Þótt það sé hverju orði sannara að Listasafn Íslands á ekki að hlaða undir fúskara, þá ættu stjórnendur safnsins að varast að draga listamenn í dilka og efna til yfirlitssýninga eftir óskýrum sjónarmiðum.